Ræða náttúruþing

Ráðherra og ráðstefnugestir,

Ég vil byrja á að þakka fyrir að fá að hafa fengið tækifæri til að vera með ykkur á þessu skemmtilega þingi. Ég stend hér sem fulltrúi stórs hóps náttúru- og umhverfisverndarsamtaka, Og, það er nauðsynlegt að rödd þeirra heyrist sem víðast og sem oftast.

Á Íslandi skortir stundum að samtök á sviði náttúruverndar fái rödd við borðið þegar náttúran er undir. Nú síðast var kynnt ágætt framtak stjórnvalda og samtaka ferðaþjónustunnar í ferðamálum. Þetta er ný ferðamálastefna sem ber titilinn *Verum Samferða.* Þessi nýja stefna felur meðal annars í sér stofnun stjórnstöðvar ferðamála.

Eins og allir vita þá er náttúra landsins gullegg ferðaþjónustunnar. Og.... það vita líka allir að það er álag á íslenskri náttúru! Þess vegna verður að viðurkennast að fjarvera fulltrúa frá náttúruverndarsamtökum í stjórn stjórnstöðvarinnar er æpandi.

Hvort sem okkur líkar betur eða verr þá er staðan einfaldlega orðinn þannig að náttúruvernd og ferðaþjónusta verða að haldast í hendur ef ekki á að fara illa fyrir náttúrunni, gullegginu sjálfu. Náttúruverndarröddin við borðið er því MJÖG mikilvæg! En ég fagna samveru okkar hér í dag.

Eins og ég nefndi áðan þá tala ég hér fyrir hönd margra náttúruverndarsamtaka. Öll láta þau til sín taka í umhverfismálum en fókusinn er á mismunandi mál. Þar má nefna fuglavernd, skógrækt, eflingu gróðurlendis og endurheimt landgæða, og baráttu fyrir umhverfisvænni samgöngumátum, eins og hjólreiðum. Þá vekja náttúruverndarsamtök reglulega athygli á nauðsyn þess að takast þurfi á við eitt mikilvægasta, ef ekki allra mikilvægasta mál samtímans. Og það eru loftlagsmálin.

Í desember næstkomandi fer fram í París alþjóðleg loftlagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna. Þar munu þjóðir heims semja um mótvægisaðgerðir vegna loftlagsbreytinga. Þessar mótvægisaðgerðir verða í formi skuldbindinga um hvernig þjóðirnar ætla að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Ísland getur á þeim fundi fylgt fordæmi frænda okkar og nágranna, Svía, sem hafa lagt fram metnaðarfulla áætlun um hvernig þeir ætla að verða óháðir jarðefnaeldsneyti og draga úr losun. Við skorum á íslensk stjórnvöld að gera hið sama.

Hér hef ég nefnt ýmis umhverfisverndarmál sem barist er fyrir. Ég held þó að það sé óhætt að segja að sú náttúruvernd sem farið hefur mest fyrir hér á landi er baráttan fyrir verndun landsvæða og náttúrufyrirbæra. Þar á ég við verndun fýsískrar náttúru landsins: fossa, áa, hrauna, gróðurvinja, gljúfra og nú, á undanförnum árum hefur áherslan á vernd okkar einstöku víðerna hlotið hljómgrunn á meðal margra landsmanna.

Og það er ekki að ástæðulausu að baráttan fyrir verndun landsvæða fái mestu athyglina. Ásókn í mörg svæði hér á land hefur verið mikil. Þar vil ég sérstaklega nefna miðhálendið. Sótt hefur verið inn á hálendið í auknum mæli á undanförnum árum og víðernin fara ört minnkandi. Vaxandi þrýstingur er á að byggja þar fleiri virkjanir, malbika vegi yfir miðhálendið og reisa háspennulínur og möstur.

Í því sambandi vil ég leggja áherslu á að það er ekki það sama að halda við hálendisvegum, hefla þá og bæta í og að ætla að leggja hraðbrautir yfir hálendið.

Miðhálendið er nefnilega einstakt svæði og öræfastemmningin sem þar fyrirfinnst er stór ástæða þess að ferðamenn innlendir og erlendir sækja þangað.

Miðhálendið er eitt stærsta landsvæði í Evrópu sem aldrei hefur verið numið af mönnum; Þar eru víðerni sem eru meðal síðustu stóru víðerna Evrópu og þar er gríðarfögur náttúra; eldfjöll, jöklar, vatnsmiklar ár og fossar, litrík háhitasvæði, víðfeðm hraun og svartar sandauðnir sem kallast á við viðkvæmar gróðurvinjar.

En eins og ég nefndi þá er þessi sérstaða í hættu: (sýni mynda af „raskhugmmyndum“ á miðhálendinu)

Það er hins vegar stundum þannig að þegar talað er um að það þurfi að vernda náttúruna þá er sagt, að á bakvið við það búi eingöngu tilfinningarök. Eins og það sé eitthvað skammaryrði. Í þessu viðhorfi felst ákveðin þröngsýni.

Til dæmis þá felst sérstaða miðhálendisins að stórum hluta í þeim tilfinningum sem myndast við að njóta víðernanna. Ferðamenn, innlendir sem erlendir, sækja þangað til að upplifa ómanngert umhverfi og njóta náttúrunnar í sinni tærustu mynd. Það veitir þeim sem ferðast hafa á miðhálendinu vellíðan að sækja í ferðaminningarnar þaðan. Þeir mæla með hálendinu sem áfangastað við aðra, bera út boðskapinn og markaðsetja þannig miðhálendið. Tilfinningagildin

gera því augljóslega sitt gagn og ferðaþjónustan, stærsta atvinnugrein landsins græðir á tilfinningum þeirra sem upplifa töfra miðhálendisins.

Þannig að það er hægt að nýta miðhálendið öðruvísi. Og það er nýtt á annan hátt. Sú nýting er í formi útivistar og náttúruupplifunar.

Öll vitum við að ferðamannastraumurinn til Íslands er gríðarlegur og að ferðaþjónustan er orðin stærsta atvinnugrein landsins. Og þá er mikilvægt að ítreka að langstærstur hluti tekna ferðaþjónustunnar streymir inn vegna náttúrunnar, hún er aðdráttarafllið. Og þar á miðhálendið stóran skerf. Þetta er ekki bara skoðun náttúruverndar- og útivistarsamtaka, því forsvarmenn ferðaþjónustunnar hafa tala skýrt um mikilvægi miðhálendins og þess að því verði ekki raskað, (sýni kvót Gríms Sæm um að miðhálendið sé einn mesti fjársjóður Íslands)

Það hefur stundum verið bent á tvískinnung í máli umhverfisverndarsinna og sagt þeir tali um að vernda þurfi náttúruna svo hægt sé að auka ferðamannastraum til landsins. Þarna gætir ákveðins misskilnings. Náttúruna á fyrst og fremst að vernda vegna tilvistargildis hennar. Auk þess hafa Nátttúruverndarsamtök ekki talað fyrir því að auka eigi straum ferðamanna hingað til lands hekdur hafa þau fyrst og fremst bent á að ferðaþjónustan þurfi að vera í sem mestri sátt við náttúru og umhverfi.

Við íslendingar höfum hins vegar ekki svo mikla stjórn á því hvert fólk vill ferðast
Og ef ferðalangar ákveða að koma til Íslands þá ER hægt að nýta ferðamannastrauminn til verndunar landsvæða. En þá, þarf að halda vel á spöðunum og búa til sterkan ramma.

Það er ekki að ástæðulausu að SÞ leggja áherslu á mikilvægt framlag sjálfbærrar ferðamennsku til náttúruverndar.

(sýni tilvitnanir í SÞ)

Samningur SÞ (aðildarríkjanna) um líffræðilega fjölbreytni setur markmið um verndun land- og hafsvæða. Og sérfræðingar eru sammála um að náttúruferðamennska geti haft jákvæð áhrif. Þessar tilvitnanir gera ráð fyrir að myndaður sé sterkur rammi utan um þessi mál og að öll stefnumótun sé byggð á markmiðum sjálfbærrar þróunar.

Hér á landi gæti þessi sterki rammi verið stofnun þjóðgarðs á miðhálendinu: Miðhálendisþjóðgarðs. Þannig þjóðgarður, þar sem stefnumótun yrði unnin í

nánu samráði við náttúruverndar- og útivistarsamtök, ferðaþjónustuna og sveitarfélög, myndi tvímælalaust styrkja þá stefnu sem nú á að hefjast handa við að koma á koppinn í ferðamálum. Miðhálendisþjóðgarður myndi styrkja *ímynd* Íslands sem lands náttúruvernda og *Hann* myndi auka yfirsýn og stýringu ferðamála í takt við náttúruvernd, og um leið *einfalda* og styrkja stjórnkerfið sem ferðaþjónustan treystir á. Þá myndi samvinna náttúruverndarsamtaka, aðila í ferðaþjónustu, nærsveitarfélaga og ríkis þegar kemur að náttúruvernd, innviðastyrkingu og atvinnustarfsemi verða opnari og gagnsærri.

Og þessi hugmynd nýtur meðbyrs. Skoðanakannanir hafa sýnt að meirihluti landsmanna styður stofnun miðhálendisþjóðgarðs. Nýjasta könnunin, sem Gallup framkvæmdi síðasta vor sýndi stuðning yfir 60% landsmanna við hugmyndina. Og það jákvæða við könnunina er að meirihluti kjósenda allra flokka er fylgjandi því að þjóðgarður verði stofnaður á miðhálendinu.

Því vil ég hér í lokin grípa á lofti titil nýrrar ferðamálastefnu og segja:

Verum samferða. Verum öll samferða við að stofna þjóðgarð á miðhálendi Íslands.

Takk fyrir.